

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 2. febrúar var haldinn 281. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:30. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri Fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Greiðslukerfi Strætó
2. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð
3. Húsaleigusamningur um Hesthals 14
4. Ráðning endurskoðenda
5. Vagnakaupaútböð – Samningskaup nr. 13002-örútböð IV
6. Fargjöld eldri borgara
7. Hvað má fara í vagninn
8. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Greiðslukerfi Strætó

Fyrir fundinum lá úttekt á helstu möguleikum á næstu skrefum í þróun rafræna greiðslumöguleika í Strætó.

Daði Ingólfsson, ráðgjafi hjá Roanuz ehf., fór yfir tillögu að framtíðargreiðslukerfi fyrir Strætó, sem hefði það megin markmið að gera viðskiptavinum Strætó auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, auka öryggi greiðslu og létta álagi af vagnstjórum er varðar móttöku á greiðslu.

#### 2. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð

Lánasjóður sveitarfélaga hefur samþykkt lánsúmsókn Strætó að fjárhæð allt að 1.100 m.kr. Stjórn Strætó bs samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 1.000 mkr., til allt að 38 ára. Er lánið tekið til að fjármagna framlag Strætó bs til Brúar lífeyrissjóðs. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóhannesi S. Rúnarssyni, kt. 090662-7249, framkvæmdastjóra Strætó bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Strætó bs að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga, sbr. heimild í 2. mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Á fundi stjórnar 5. janúar sl. var framkvæmdastjóra í samráði við stjórnarformann falið að óska eftir skriflegum útskýringum frá Brú lífeyrissjóði á því hvers vegna fyrirbyggjandi uppgjör er svo mjög frábrugðið þeirri áætlun sem Brú lífeyrissjóður hafði áður lagt fram varðandi framlag Strætó í sjóðinn, en sú áætlun hljóðaði upp á um 231 m.kr.

Framkvæmdastjóri hefur ítrekað óskað eftir skriflegum upplýsingum frá sjóðnum en enn hefur það ekki skilað árangri.

Stjórn Strætó ítrekar hér með beiðni sína um skriflegar útskýringar frá sjóðnum.

Í samræmi við bókun á fundi stjórnar 19. janúar sl. var leitað eftir samvinnu við fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um mat á réttmæti kröfu frá Brú lífeyrissjóði. Framkvæmdastjóri Strætó og fjármálastjóri sátu fund með starfmönnum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, á þeim fundi kom ekkert fram sem dregur réttmæti kröfunnar í efa.

Með vísan til þess að Strætó bs. telst vera B-hluta félag sem fellur undir samstæðu Reykjavíkurborgar samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra að óska eftir að fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar staðfesti formlega að þeir hafi ekki athugasemdir við uppgjör á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs.

#### 3. Húsaleigusamningur um Hesthals 14

Fyrir fundinum lágu fullunnin drög að húsaleigusamningi milli Strætó bs. og Reykjavíkurborgar um atvinnuhúsnaði að Hesthálsi 14, 109 Reykjavík. Samningurinn var samþykktur af hálfu Reykjavíkurborgar á fundi borgarráðs 14. desember 2017. Stjórn samþykkir húsaleigusamninginn um Hestháls 14 og felur framkvæmdastjóra að skrifa undir samninginn fyrir hönd byggðasamlagsins.

#### 4. Ráðning endurskoðenda

Fyrir fundinum lá bréf frá Reykjavíkurborg, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 24.01.2018, þar sem kynntar eru niðurstöður sameiginlegs útbóð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar. Útbóðið, sem auglýst var í september 2017, náði til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga allra B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Borgarstjórn hefur samþykkt tillögu endurskoðunarnefndar um að ganga að tilboði Grant Thornton.

Stjórn Strætó samþykkir ráðningu Grant Thornton sem endurskoðunarfyrirtæki Strætó fyrir reikningsskil árunna 2018 til og með 2022.

#### 5. Niðurstöður vagnakaupaútbóðs – Samningskaup nr. 13002- Örutboð nr. IV

Þann 24. janúar 2018 var haldin opnunarfundur vegna endurnýjunar strætisvagna, EES samningskaup nr. 13002, Örutboð nr. IV. Tilboð bárust frá eftirtöldum þátttakendum:

- Yutong Eurobus ehf. (YUTONG)
- BL ehf. (IVECO)
- Klettur sala og þjónusta ehf. (SCANIA)
- Kraftur hf. (MAN)

Megin niðurstaða mats á tilboðum er:

| Bjóðandi                      |         | Líft. kostn.<br>(70%)<br>Opnunarfundur | Líft. kostn.<br>(70%)<br>Leiðrétt | Stigagjöf<br>heild | Orkugjafi |
|-------------------------------|---------|--|-----------------------------------|--------------------|-----------|
| Yutong Eurobus ehf.           | Tilb. 1 | 75.209.300                             | 75.209.300                        | <u>92,00</u>       | Raforka   |
| BL ehf.                       | Tilb. 1 | 84.432.954                             | 84.432.954                        | 80,50              | Dísilolía |
| BL ehf.                       | Tilb. 2 | 84.747.479                             | 84.747.479                        | 80,26              | Dísilolía |
| Klettur sala og þjónusta ehf. | Tilb. 1 | 105.320.053                            | 105.320.053                       | 79,99              | Dísilolía |
| Klettur sala og þjónusta ehf. | Tilb. 2 | 115.253.183                            | 115.253.183                       | 75,68              | Metan     |
| Kraftur hf.                   | Tilb. 1 | 137.230.969                            | 112.973.849                       | 59,03              | Dísilolía |

Tilboð frá Yutong Eurobus ehf. fékk flest stig, eða samtals 92,00 stig af 100 mögulegum. Boðið kaupverð Yutong Eurobus ehf. fyrir einn strætisvagn er kr. 75.209.300,-. Boðinn er strætisvagn frá Yutong Eurobus ehf. sem er knúinn rafmagn með endurhlaðanlegri rafhlöðu, nauðsynlegt er að setja upp hleðslustöðvar samhliða kaupum á þessum strætisvögnum.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Yutong Eurobus hf. um kaup á fimm rafmagnsvögnum á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs.

#### 6. Fargjöld eldri borgara

Á árinu 2011 var aldursmark við sölu á afsláttarfargjaldi til eldri borgara hækkað úr 67 árum í 70 ár í hagræðingarskyni. Stjórn Strætó hefur haft til skoðunar undanfarið að lækka aldursmarkið aftur niður í 67 ár til samræmis við það sem almennt tíðkast.

Stjórn samþykkir að aldursmark á sölu á afsláttarfargjöldum Strætó verði lækkað í 67 ár og tekur þessi breyting gildi frá og með 2. febrúar 2018.

#### 7. Hvað má fara í vagninn

Fyrir lá bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 27.01.2018, þar sem svarað er erindi Strætó bs. frá febrúar 2017, þar sem óskað var eftir undanþágu frá 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti vegna tilraunaverkefnis um gæludýrahald í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu eða breytingu á reglugerðinni.

Í bréfinu fellst ráðuneytið á að veita Strætó undanþágu frá því ákvæði reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti að dýr megi ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Undanþágan gildir einungis fyrir strætisvagna Strætó á höfuðborgarsvæðinu

og fyrir gæludýr sem heimilt er að halda hér á landi enda sé það á ábyrgð eiganda þess að dýrin skapi hvorki hættu né óþægindi fyrir aðra í vögnunum meðan á ferð standur, Ráðuneytið bindur undanþáguna ákveðnum skilyrðum sem fram koma í bréfinu. Undanþágan gildir lengst til 31. mars 2019 og á því tímabili má tilraunaverkefni standa lengst í eitt ár. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að undirbúa tilraunaverkefni til eins árs, þar sem heimilt verður að fara með gæludýr í Strætó í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi undanþágu frá á 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

8. Önnur mál

- a) Erindi til stjórnar varðandi aukna þjónustu á Hlemmi, lagt fram.
- b) Bréf frá starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar, dags. 23. janúar 2018, lagt fram.
- c) Borgarstjórn 16. janúar 2018: Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttir, óháðs borgarfulltrúa, um kaup umhverfisvænna strætisvagna. Framkvæmdastjóra er falið að svara fyrirspurninni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 13:30**

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Guðlaug Kristjánsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Sverrir Óskarsson  
Gunnar Valur Gíslason

Fylgiskjöl:

- Sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar, dags. 24. janúar 2018
- Húsaleigusamningur um Hesthál 14
- Bréf frá starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar, dags. 23. janúar 2018
- Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 22. janúar 2018